

UMSAGNIR UM INNSENDAR TILLÖGUR SEM EKKI HLUTU VERÐLAUN:

Tillaga með auðkenni 26741

Höfundar: Gunnar Páll Kristinsson arkitekt - Rýma arkitektar, Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt - Archus ehf., Hlédís Sveinsdóttir arkitekt - Eon arkitektar, Gunnar Bergmann arkitekt - Eon arkitektar. Aðstoð við frágang, magnskrá og þrívídd: Páll Valdimarsson byggingarfræðingur - Driton Kalevici, Atli Guðbjörnsson byggingarfræðingur. Ráðgjöf: Vignir Jónsson byggingartæknifræðingur (burðarþol og lagnir), Pétur Jónsson landslagsarkitekt - Landark (utanhússfrágangur), Halldór Júlíusson hljóðverkfræðingur - Verkís (hljóðtæknileg ráðgjöf), Þóra Sigurbórsdóttir leirtlistarkona (ráðgjöf um myndlistarsal).

Kirkjan er á norðurhluta lóðarinnar en menningarstarfsemi á suðurhluta hennar. Aðkoma er skemmtilega tengd við klappirnar og hið sama má segja um kirkjuskipið. Skrúðhús er full fyrirferðarmikið í kirkjuskipinu og aðgengi að því ónugt. Kirkjan hefur ekki beina tengingu við innri götu. Safnaðarheimili hefur ágætis tengingu við kirkju, en tenging þess við innri götu mætti vera betri. Safnaðarstarfi er allvel fyrirkomið á efri hæð.

Bókasafnið er á tveimur hæðum sem slítur starfsemina í sundur. Myndlistarsalur er ágætlega leystur og samnýtist með bókasafni. Tónleikasalur er á efri hæð, sem er frekar óheppilegt. Tenging milli rýma á efri hæð er með brúm yfir götu og opið niður á neðri hæðina til hliðar við brýrnar. Útlit er dálítið þjakað af stórum veggskífum, gjarnan gluggalausum. Tjörn í norðaustur horni lóðarinnar er í skugga stóran hluta dags. Framsetning er ágæt og áfangaskipting auðveld.



Tillaga með auðkenni 51102

Höfundar: Kanon arkitektar ehf.: Anna Sóley Þorsteinsdóttir, arkitekt FAÍ, Halldóra Bragadóttir, arkitekt FAÍ, Helga Bragadóttir, arkitekt FAÍ, Helgi B. Thóroddsen, arkitekt FAÍ, Þorkell Magnússon, arkitekt FAÍ, Þórður Steingrímsson arkitekt. Líkan: Árni Þórólfsson arkitekt FAÍ. Ráðgjöf: Helga Soffía Konráðsdóttir prestur, Hany Hadaya, grafískur hönnuður FÍT.

Mjúkar útlínur byggingarmassans forma sig vel gagnvart Urðunum. Innri götu er skipt á milli hæða, sem rýrir gildi hennar sem miðjurýmis. Bókasafn er á annarri hæð og því ekki í tengslum við aðra meginstarfsemi hússins. Hugmynd um ljósgarð í bókasafni er skemmtileg en truflar nokkuð yfirsýn frá vinnu- og stoðrymum. Megininnangangar eru óþarflega nálægt hvorir öðrum. Þakgarður við skrifstofur á annarri hæð gefur skemmtilegan blæ.

Skipting innri götu á palla rýrir gildi hennar sem miðjurýmis. Verönd til norðurs úr safnaðarsal orkar tvímælis. Kirkjurými er lítt aðlaðandi með inndregnum svölum (þaki) á annarri hliðinni. Mikið rými er milli kirkjugesta og altaris og þar með langt til altaris frá kirkjugestum. Forkirkjan er þröng. Fyrirkomulag kirkjuklukkna er ágætt. Myndlistarsalur vefur sig skemmtilega umhverfis tónlistarsal. Útlit byggingarinnar er nokkuð þunglamalegt. Áfangaskipting virðist auðveld. Tillagan er vel fram sett.



Tillaga með auðkenni 96069

Höfundur: Laufey Agnarsdóttir arkitekt FAÍ. Byggingin er brotin upp í smærri einingar, sem höfundur leitast við að tengja saman, m.a. með litlum gróðurvinjum bæði á milli og innan einstakra rýma. Slíkt hefur ýmsa kosti í för með sér, en einnig ókosti: Miðjurými hússins er brotið upp í tvo sjálfstæð og ótengd rými, sem hlýtur að teljast galli.

Miðrými er yfirbyggt en að öðru leyti opið, sem hefur augljósa ókosti í íslensku veðurfari. Einstakir byggingarhlutar er víða brotnir upp með litlum gróðurvinjum, sem gefa aðlaðandi blæ. Kirkjuskipið er bjart en altarisbrekkan er e.t.v. ekki fyllilega raunhæf. Gönguleið frá austri klýfur safnaðarheimili frá kirkjuskipi.

Bókasafnið samanstendur af þyrpingu samtengdra rýma, sem gerir alla yfirsýn og umsjón erfiða. Myndlistarsalur er á þremur hæðum sem er óheppilegt.

Hugmyndir um grænt „heimilishald“, þ.m.t. gróðurhús er þjórar veitingasölunni, eru áhugaverðar. Áfangaskipting er auðveld. Tillagan er vel fram sett.



Tillaga með auðkenni 01010

Höfundar: Einrúm ehf.: Kristín Brynja Gunnarsdóttir, Steffan Iwersen, (Aðstoð: Katla Maríudóttir). Arkiteo ehf.: Gunnar Sigurðsson, Einar Ólafsson. Texti: Andri Snær Magnason

Byggingin er á tveimur hæðum; bókasafn, tónlistarsalur og veitingabúð á neðri hæð, en kirkja, safnaðarheimili, myndlistarsalur og skrifstofur á þeirri efri. Rýmin eru tengd saman með innri götu á tveimur hæðum. Langur aðdragandi er að inngangi kirkju nyrst á lóðinni. Kirkjuskipið er slitið frá safnaðarsalnum og skrifstofum kirkjunnar. Skipting götunnar milli hæða er óheppileg og dregur úr möguleikum á samnýtingu.

Birtuflæði í kirkjunni er vel hugsað og gefur fyrirheit um sérstaka stemningu.

Formun byggingarinnar gagnvart Urðunum er áhugaverð og áherslur höfundar á mikilvægi sjálfbærrar þróunar í byggingarlist eiga fullt erindi. Áfangaskipting er frekar auðveld. Tillagan er vel fram sett.



Tillaga með auðkenni 12131

Höfundur: Zeppelin arkitektar/Orri Árnason.

Bygginguna mynda sjö misstór hús, tengd saman með glerbyggingu. Aðkoma er annarsvegar frá stóru torgi til suðurs en hinsvegar um tröppur frá miðæjartorgi við Þverholt.

Kirkjuskipið liggur til suðurs, tengt safnaðarheimili sem snýr að innri götu ásamt bókasafni og myndlistar- og tónlistarsölum. Möguleikar á samnýtingu sala er takmarkaðir. Rýmismyndun forkirkju er óheppileg. Gluggasetning á kirkjuskipi virðist frekar illa heppnuð. Aðgengi að tónlistarsal er þröngt og salurinn sjálfur óspennandi.

Höfundur nær að mörgu leyti fram markmiði sínu um að útbúa einskonar klettaborg, en það gerist nokkuð á kostnað innra fyrirkomulags. Áfangaskipting er auðveld. Framsetning er skýr.



Tillaga með auðkenni 07770

Höfundur: Sigurbjartur Loftsson. Samstarfsmaður: Samúel Þór Smáráson.

Tillagan sýnir mjög þéttan byggingarmassa, sem helst er brotinn upp í þakformi. Höfundur gerir vel grein fyrir hugmyndum sínum um kirkjuskipið, þ.m.t. stórrí Kristsmýnd er sýni Jesú eins og hann sé að koma gangandi af spegiltjörn bak altaris inn í kirkjuna. Þakform kirkjuskipsins er óþarflega flókið miðað við lausn kirkjurýmisins að öðru leyti.

Bókasafnið er á tveimur hæðum sem er ókostur. Safnaðarheimili er slitið frá kirkju með innri götu, sem getur skapað ónæði. Geymslur og snyrtingar við safnaðarheimili skerða möguleika á tengingu þess við innri götu. Inngangar og tengigangur forkirkju við innri götu eru almennt mjög þröngir. Veitingasala virðist hornreka. Áfangaskipting er ekki vandamál.



Tillaga með auðkenni 01483

Höfundar: Gláma/Kím arkitektar: Kjartan Árnason arkitekt, Helgi Gíslason myndhöggvari.

Samstarf: Þráinn Hauksson - Landslag ehf., Ólafur Theódórs Ólafsson, grafískur hönnuður.

Ráðgjöf: Sr. Gunnar Kristjánsson prófastur.

Kirkjuskipið ásamt safnaðarheimili liggur við jaðar klapparsvæðisins efst í lóðinni, með aðkomutorgi fyrir framan. Á sama hátt og kirkjan tengist náttúrunni á holtinu er menningarhúsið hugsað sem hluti af manngerðu landslagi miðbæjarins á suðurhluta lóðarinnar. Byggingarnar umlykja garð á tveimur þöllum, sem opnast til suðvesturs og stallast innsti hluti niður í hvamm.

Höfundi tekst mjög vel til um mótun kirkjurýmisins, sem markast af mjúkum línum þar sem altarið er þungamiðjan, og fagmannlega er unnið með flæði ljóss og birtu. Tengsl þess og samspil við safnaðarheimil eru ágæt. Ókostur er að safnaðarheimilið skuli ekki tengjast miðrými hússins betur.

Bókasafnið er á tveimur hæðum, sem er óheppilegt, en rýmismyndun er vel leyst og tengsl þess við útsvæði aðlaðandi. Fyrirkomulag tónlistarsalar er ágætt og aðgengi til fyrirmyndar. Höfundur leggur sérstaka áherslu á samspil listgreina við mótun tillögunnar og er það henni til framdráttar. Áfangaskipting er viðunandi. Tillagan er ágætlega fram sett.



Tillaga með auðkenni 70913

Höfundur: Benjamín Magnússon, arkitekt FAÍ. Samstarf: Ólafur Þór Erlendsson, innanhúsarkitekt FHÍ.

Þrívíddarteikningar: Onno ehf.

Byggingin er að hluta til á tveimur hæðum (auk kjallara); bókasafn, tónlistarsalur og myndlistarsalur umlykja kirkjulega starfsemi á fallegan hátt.

Aðkoma að götu er góð; frá miðbæjartorgi í austri og frá nýju torgi suðvestan við bygginguna. Innra fyrirkomulag er í flestum tilfellum vel leyst, þó er skipting bókasafns á tvær hæðir óheppileg. Myndlistarsalur er góður. Veitingasala tengist götu og allri starfsemi í húsinu nokkuð vel. Galli er að forkirkja tengist ekki götunni. vBílgeymsla er með gegnumakstri sem er gott. Aðgengi frá bílgeymslu er gott. Opnun bókasafnsins móti Urðum er góð. Yfirbragð byggingarinnar er nokkuð stíft. Áfangaskipting er auðveld. Efnisval er gott.





Tillaga með auðkenni 17520

Höfundar: Á stofunni arkitektar, Norbert Gravenstein,

Rut Marrow. Byggingin samanstendur af tveimur meginhlutum: Kirkju og safnaðarheimili á vesturhluta lóðarinnar en menningarhúsi á eystri hluta hennar. Við aðkomu að kirkju rís hár kirkjuturn, sem ætlað er í senn að vera kennileiti og útsýnisstaður.

Kirkjuskipið svífur yfir stóru, opnu rými, sem hugsað er einsog höggmyndagarður, en er einnig hluti af innbyrðis tengingu svæðisins. Norðurhlið kirkjunnar myndar mikinn vegg gagnvart Urðunum, án þess að tengjast þeim á sérstakan hátt. Innri gatan nær tæplega að tengja saman einstök rými á fullnægjandi hátt. Bókasafnið er á efri hæð og skorið í tvennt af þjónustu- og stigakjarna. Hugmyndin um lestrarverönd er skemmtileg. Tónlistarsalur er ágætlega formaður og aðgengi að honum gott. Myndlistarsalur er hinsvegar illa staðsettur gagnvart götu og aðgengi að honum þröngt. Höfundur brýtur upp útlit og aðgreinir starfsemi með mismunandi efnisnotkun á sannfærandi hátt. Áfangaskipting er auðveld. Tillagan er vel fram sett.



Tillaga með auðkenni 12971


Höfundur: Atli Magnús Seelow, Dipl-Ing., arkitekt FAÍ

Höfundur sækir innblástur til klausturbýgginga miðalda; þyrpingu bygginga er raðað kringum lokaðan garð og klausturmúrinn er aðeins rofinn á ákveðnum stöðum. Aðkoma er um opinn garð sem tengir saman innganga úr suðri og norðri og liggur að opnu miðjurými, götunni.

Pungamiðjan er kirkjuskipið, sem í þessu tilfelli byggir á formgerð hringkirkna, sem í senn er ætlað að tryggja jöfnuð sóknarbarna og undirstrika kirkjuna sem miðu safnaðar–starfsins. Birta flæðir inn í kirkjurýmið um miðjuop á flötu þaki, en gluggaband undir þakskegginu kann að trufla þau áhrif, sem höfundur leitast við ná með þakopinu.

Bókasafn er á vesturhluta lóðarinnar, á þremur hæðum. Hluta þess er komið fyrir á rampa milli 1. og 2. hæðar. Rýmismyndun í bókasafninu er mjög áhugaverð, en skipting þess á þrjár hæðir orkar tvímælis. Tónlistarsal og myndlistarsal er vel skipað, en möguleikar á samnýtingu við önnur rými takmarkaðir.

Útlit og yfirbragð er stílhreint og einfalt. Stórir glerfletir til norðurs skapa góð tengsl við Urðirnar. Áfangaskipting er auðveld. Framsetning tillögunnar er láttlaus.



Tillaga með auðkenni 37373

Höfundaar: Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar: Gylfi Guðjónsson arkitekt, Sigurður J. Jóhannsson arkitekt, Árni Ólafsson arkitekt. Orgelráðgjöf: Björgvin Tómasson orgelsmiður. Verkfræðileg ráðgjöf: Vísjía ehf: Jón Logi Sigurbjörnsson verkfræðingur.

Byggingin er að hluta til á tveimur hæðum (auk kjallara). Bókasafn, tónlistarsalur og myndlistarsalur umlykja kirkjulega starfsemi.

Aðkoma að götu er góð, frá miðbæjartorgi í austri og frá nýju torgi suðvestan við bygginguna.

Innra fyrirkomulag er í flestum tilfellum þokkalega leyst. Bókasafnssalurinn er mjög óheppilega formaður og illt er að hafa yfirsýn yfir starfsemina nema með fjölda starfsmanna. Bókasafn er nánast gluggalaust. Engin sjónræn tenging er milli húss og Urða.

Myndlistarsalur er góður, þó með þeim annmarka að vera á efri hæð. Veitingasala við götu er nokkuð ómarkviss. Galli er að forkirkja tengist ekki götunni.

Safnaðarsalir tengjast kirkju á þann hátt að þeir eru nánast framlenging af kirkjuskipinu. Áfangaskipting er ekki auðveld.



Tillaga með auðkenni 01003

Höfundar: Haukur Þórðarson, Birta Fróðadóttir.

Hugmynd höfundar er sú, að byggingin vaxi úr landslaginu og gangi inn í holtið í stað þess að hvíla ofan á því. Byggingin er á tveimur hæðum án þess einhver einstök rými skeri sig upp úr þakfletinum.

Gengið er niður breiðar tröppur meðfram vesturhlið að inngangi í kirkju. Aðkoman virkar fyrir bragðið eins og til er stofnað: kjallaraleg. Safnaðarsalur á jarðhæð opnast út í kirkjuskipið en tengist því ekki beint. Bókasafn er á tveimur hæðum í suðurhluta, sem er óheppilegt fyrirkomulag, og myndlistarsalur er í raun að mestu hluti innri götu. Slíkt fyrirkomulag rýrir verulega nýtingarmöguleika hans, einkum þar sem aðgengi að tónlistarsal, safnaðarheimili og miðbæjartorgi tengjast götunni.

Útlit hússins er frekar einhæft og þunglamlegt. Metnaðarfullt markmið höfundar er virðingarvert þó ekki hafi tekist að uppfylla það að öllu leyti. Áfangaskipting er nokkuð snúin. Framsetning er skýr og einföld.



Tillaga með auðkenni 14181

Höfundur: Ene Cordt Andersen. Aðstoð: Þórhallur Sigurðsson - VA Arkitektar. Þrívíddarmyndir: Fractal Iceland ehf: Hubert Skrypkó grafískur hönnuður Guðfræðiráðgjöf: Sigurður Árni Þórðarson prestur.

Gatan er á tveimur hæðum, annarri og þriðju hæð. Aðkoma að fyrstu hæð er eingöngu frá Miðbæjartorgi og sundi við Háholt 14. Beinar, þröngar tröppur liggja frá miðbæjartorgs–tengingu upp í götuna, sem þykir ekki álitlegt.

Kirkja og safnaðarsalur eru ekki haganlega hugsuð. Bókasafnið er á fyrstu hæð. Á annarri hæð er gengið inn gang frá bílastæðum inn í götuna. Útlit gefur til kynna bjart og opið hús.



Tillaga með auðkenni 86901

Höfundar: Peter Foell Bach, Ragnheiður Jónsdóttir, Hilmar Þór Björnsson.

Gatan er nánast sem torg innan við inngang frá Háholti. Gatan tengir kirkju, bókasafn og myndlistarsal allvel, en tónlistarsalurinn er dálítið afskiptur inni á gangi. Tengingar til norðurs virka ekki alls kostar.

Kirkjan er ágætlega úthugsuð, nema hvað orgel og þá væntanlega kórinn eru til hliðar aftan til í kirkjuskipinu. Gengið er í kirkjuna frá götunni gegnum forkirkju. Safnaðarsalur er þvert aftan við kirkjuskip og gert ráð fyrir að hægt sé að opna alveg á milli. Skipting salarins er illmöguleg.

Bókasafnið er vel opið út í götuna. Skrifstofur bókasafns eru sér í tengslum við safnið. Aðrar skrifstofur eru á annarri hæð yfir myndlistarsal. Aðkoma er frá götu um stiga og lyftu. Ekki verður komið auga á aðgengi utanfrá. Uppdrættir gefa óglögga mynd af birtuskilyrðum í húsinu, en gangar virðast lokaðir og dimmir.



Tillaga með auðkenni 51078

Höfundur: Sigfinnur Fannar Sigurðsson.

Kirkjuskip og safnaðarsalur liggja sitt hvoru megin við forkirkju, sem tengist götu allvel. Einnig er aðkoma að kirkju frá aðkomutorgi. Kirkjuskip og safnaðarsalur virka vel sitt í hvoru lagi. Tenging kirkju og safnaðarsalar gegnum forkirkju er langsótt m.t.t. stækkunar kirkjuskips.


Tónleikasalur sýnist í lagi. Mikið tröppuvirki liggur frá aðkomutorgi og Háholti upp í myndlistarsal á annarri hæð til að fá aðgengi utanfrá, en aðeins er aðgengi með lyftu frá götunni. Bókasafn er á þremur hæðum í sér einingu, sem snýr út að Urðunum. Lyfta handan götu, með brúm yfir hana, tengir hæðirnar auk pallaláusra beinna stiga og er það tæplega ásættanlegt fyrirkomulag. Skrifstofur og fræðslustarf eru á þriðju hæð, og blandast þar ólíkir þættir starfseminnar óþægilega mikið saman.



Tillaga með auðkenni 35791

Höfundar: Magnús Jensson arkitekt, Annu Wilenius myndlistamaður.

Gatan er umferðaræð um húsið og lífæð þess og er á báðum hæðum með sneiðingu milli hæða sem heldur mikið rými fer í. Tvö torg eru í og við götuna. Vandséð er hvaða tilgangi þau gætu þjónað. Inngangar í götu virka svolítið borulegir beggja vegna. Veitingaaðstaða er á fyrstu hæð með eldhúsi, sem hefur þokkalega tengingu við hluta safnaðarsalar og myndlistarsal.




Tillaga með auðkenni 35094

Höfundar: Lena Helgadóttir arkitekt, Björn Helgason byggingarfræðingur, Helgi Hjálmarsson arkitekt. Tölvugrafík: Ólafur Jónsson arkitekt.

Gatan liggur beint í gegnum húsið frá Háholti og tengir saman meginrými hússins, nema safnaðarsal. Tengingar með þvergöngum út úr götunni eru ekki sérlega áhugaverðar. Sérinngangur með anddyri er við Háholt inn að safnaðarsal, og tengist hann einnig forkirkju. Veitingasala með allfyrirferðarmiklu kaffieldhúsi er í miðri götunni milli bókasafns og forkirkju. Kirkjuskip er samkvæmt forsoðn, en stór gluggi á altarisvegg í S-A er óheppilegur.

Forkirkjan er lítt spennandi tengirými. Safnaðarsalur er við hlið kirkju, tvískiptur með opnun annars hlutans inn í kirkju. Bókasafn liggur vel við götunni, nema hvað inngangur er í enda safnsins úr þvergangi. Skrifstofur safnsins eru í hinum endanum. Hluti bókasafnsins er í kjallara sem er ókostur. Myndlistar- og tónlistarsalur eru sitt hvoru megin götunnar í norðaustur-enda hennar. Útlit er einfalt með stölluðu kirkjuskipi til altaris.



Tillaga með auðkenni 11011 (A)

Höfundar: VA Arkitektar ehf.: Anna Sigríður Jóhannsdóttir, arkitekt FAÍ, Heba Hertervig, arkitekt FAÍ, Indró Candi, arkitekt FAÍ, Karl Magnús Karlsson, arkitekt FAÍ, Ólafur Axelsson, arkitekt FAÍ, Sigurður Björgúlfsson, arkitekt FAÍ.

Kirkjan er efst og nyrst á lóðinni með inngang úr vestri og altarisvegg í austurátt og situr ofan á klöppum Urðanna. Kirkjuskipið er kantað með flötu þaki, miklu skyggni yfir inngangi og steinlögðum austurgafli.

Byggingin er nánast öll á einni hæð (auk kjallara). Safnaðarstarf og aðstaða fyrir rekstur hússins er á annarri hæð yfir bókasafni. Húsið markast af köntuðum formum sem tengjast steinklæddum bogadregnum vegg við Háholt. Tenging safnaðarsalar við kirkju og götu er góð. Gönguleið úr forkirkju að „götu“ er nokkuð löng og þröng. Gata nær að tengja saman öll meginrými hússins en er nokkuð litlaus. Hugmynd að innigarði er góð og tenging við „götu“, bókasafn og myndlistarsal gefur skemmtilega möguleika. Framsetning tillögunnar er einföld og skýr. Áfangaskipting er auðveld.



Tillaga með auðkenni 62859

Höfundur: Björn H. Jóhannesson, arkitekt FAÍ

Kirkjan er í suðaustur horni lóðarinnar, en bókasafn, myndlistar- og tónlistarsalir, ásamt safnaðarheimili liggja að innri götu og torgi. Stórt aðkomutorg er sunnan megin byggingarinnar og innri gata tengist miðbæjartorgi við Þverholt. Skrifstofur kirkju og menningarhúss eru staðsettar í sérálmu vestast á lóðinni, sem er óaskilegt fyrir starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuskip og forkirkja eru hefðbundin að lögun og fyrirkomulagi. Bókasafn og myndlistarsalur tengjast ágætlega. Gengið er sviðsmegin inn í tónlistarsal, sem er ókostur. Byggingin ber nokkurt svipmót eldri tíma í byggingarlist. Áfangaskipting er ekki að öllu leyti heppileg.



Tillaga með auðkenni 53580

Höfundar: Davíð Kristján Pitt arkitekt, Halldór Lárusson. Grafísk hönnun: Sigurður Orri Þórhannesson.

Tillagan byggir á hugmynd um einnar hæðar grunnbyggingu, sem í eru safnaðarsalur, skrifstofur kirkju og menningarhúss, myndlistar- og tónlistarsalir, ásamt innri götu og kaffihúsi. Ofan á grunnbyggingunni rísa tvö ólík form; kirkjan og bókasafnið, sem ætlað er að kallast á við fjöllin í kring.

Aðkoma að grunnbyggingunni er um stórt og eilítið niðurgrafið torg, sem tengist bílageymslu, sem er haganlega komið fyrir í suðvestur-horni lóðarinnar. Tenging kirkju og safnaðarheimilis er ekki í samræmi við þarfalýsingu, og aðgengi úr forkirkju á efri hæð að torgi á neðri hæð er langsótt. Aðkoma að bókasafni er á neðri hæð, en starfsemin að mestu á efri hæð. Kaffistofu er vel komið fyrir í jaðri götunnar og í góðum tengslum við tónlistar- og myndlistarsali. Margt í mótun tillögunnar er ágætlega leyst, sérstaklega er kirkjuskipið fallega formað. Áfangaskipting er frekar óheppileg.




Tillaga með auðkenni 81828

Höfundar: Bjarni Gunnarsson, arkitekt FAÍ, Helgi Steinar Helgason, arkitekt FAÍ, Hildur Steinþórsdóttir, arkitekt FAÍ.

Tillagan gerir ráð fyrir tveggja hæða byggingu með óskilgreindum turni (3. hæð) yfir bókasafni. Aðkoma að kirkjunni, sem er á 2. hæð, er úr suð-vestri. Aðkoma að götu, sem er á 1. hæð, er úr suðri og eins frá miðbæjartorgi. Safnaðarsalir tengjast ekki kirkju eins og um var beðið.

Almennt eru tengsl milli starfseminnar í húsinu erfið og ekki í anda samkeppnislýsingar. Áfangaskipti eru ekki möguleg.



Tillaga með auðkenni 02222

Höfundar: Jeannot A. Tsirenge, arkitekt FAÍ, Mario Melo arkitekt, Sigurður Ólafsson, Hermann Georg Gunnlaugson, landslagsarkitekt FÍLA.

Byggingin er öll á tveimur hæðum og stendur nyrst á lóðinni. Aðkoma að kirkju og „götu“ er um torg sunnan við húsið, einnig er aðkoma úr austri. Tillagan gerir ráð fyrir því að bókasafn sé á einni hæð. Fyrirkomulag á bókasafni er slæmt og staðsetning þess á efri hæð takmarkar tengsl þess við götu. Veitingasalur er illa staðsettur.

Myndlistarsalur er þrískiptur og býður upp á ólíkar útfærslur á sýningum. Skortur er á samtengingu myndlistarsals og annarra rýma. Kirkjuskipið er rúmgott en tengingar við safnaðarsal eru slæm. Tónleikasal er haganlega fyrirkomið í norðurenda byggingar en ekki er gerð grein fyrir bakrými við tónlistarsal. Gatan í gegnum húsið er óskýr. Áfangaskipting er ekki möguleg.




Tillaga með auðkenni 11011 (B)

Höfundar: Erum arkitektar: Helgi Bergmann Sigurðsson, arkitekt FAÍ, Erling G. Pedersen, arkitekt FAÍ, Jón Þórisson, arkitekt FAÍ, Arkídea: Ragnar Ólafsson, arkitekt FAÍ, Eyjólfur Bragason, arkitekt FAÍ. Aðstoð: Agnar Sveinsson, Sveinn Þorsteinsson. Þrívíddarmyndir: Pétur Örn Eyjólfsson arkitektanemi

Byggingin er að hluta til á tveimur hæðum. Aðkoma að kirkju og götu er um torg vestan við húsið, einnig er aðkoma úr austri.

Í tillögunni er kirkjuskip nyrst á lóðinni með ágætri tengingu við safnaðarsal. Tenging forkirkju við götu er löng og frekar óaðlaðandi. Safnaðarstarf og hússtjórn er á efri hæð.

Veitingasala er í nokkuð góðum tengslum við bókasafn og tónlistar- og ráðstefnusal. Gatan í gegn um húsið er nokkuð þröng og skortir á að þar geti myndast það líf sem æskilegt er. Áfangaskipting er nokkuð góð.



Tillaga með auðkenni 95131

Höfundar: Atli Jóhann Guðbjörnsson byggingafræðingur, Sigurður Pálmi Ásbergsson arkitekt.

Byggingin er öll á tveimur hæðum. Aðkoma að götu og kirkju er frá torgi sunnan við húsið auk þess er aðkoma að götu úr austri. Tillaga þessi leggur til kirkjuskip suð-austast á lóðinni með ágætri tengingu við safnaðarsal. Tenging forkirkju við götu er frekar þröng.

Gatan í gegnum húsið tengist illa starfsemi hússins. Bókasafn er á tveimur hæðum (1. hæð og kjallara) sem er ókostur.

Myndlistarsalur og tónlistarsalur eru á 2. hæð. Aðkoma að þessum söllum er ekki góð. Áfangaskipting er möguleg.



Tillaga með auðkenni 50835

Höfundar: Guðjón Geirsson, arkitekt FAÍ, Hallur Kristmundsson, byggingafræðingur BFÍ, Maja Siska arkitekt, Ragnheiður Aradóttir, arkitekt FAÍ. Aðstoð við þrívídd: Rúnar Gunnarsson bóndi.

Byggingin er staðsett nyrst og austast á lóðinni og er mjög fjölbreytt í formi með sínum mörgu og misstóru ferhyrndu byggingum. Húsið skiptist í tvo hluta umhverfis götuna. Annars vegar eru kirkja, safnaðarsalur og safnaðarstarf norðan götu, og hins vegar önnur starfsemi hússins sunnan götu. Húsið er að hluta til á tveimur hæðum. Skrifstofur bókasafns eru ekki vel staðsettar yfir tónlistarsal.

Bókasafni er skipt upp í fjórar byggingar og á þremur mismunandi hæðum og skapar það erfiðleika í rekstri. Aðkoma að tónlistarsal gegnum stigahús er ekki aðlaðandi. Áfangaskipting er auðveld. Framsetningin tillögunnar er skýr.




Tillaga með auðkenni 53288

Höfundar: Guðrún Gústafsdóttir, Sören Lystlund Hansson.

Byggingin er nánast á tveimur hæðum og er ímynd hamars með sprungum og brotum sem vísar í náttúru bergsins. Aðkoma að kirkju er að vestan og austan frá götu. Tenging safnaðarsals og kirkju er góð.

Gatan sverfur sig í gegn um bygginguna eins og gljúfur. Bókasafn er á einni hæð sem er kostur.

Myndlistarsal er skipt í þrennt með föstum veggjum sem er ókostur. Tónlistarsalur er ágætur. Áfangaskipting er óskýr.



Tillaga með auðkenni 64266

Höfundar: Yrki arkitektar ehf.

Byggingin er þyrping aðgreindra byggingarhluta, vel staðsett á lóðinni og tekur mið af Urðunum. Kirkjuskipið er einfalt og tenging þess við safnaðarsal er mjög góð. Hugmynd um innitorg tengt Ljósavík er mjög athyglisverð og spennandi. Bókasafn er vel leyst, þó óheppilegt sé að vinnu- og stoðrymi skuli vera á 2. hæð. Ef til vill er tenging hússins við Urðirnar of dýru verði keypt fyrir bókasafnið, hvað varðar birtu flæði og tengsl þess við umhverfið.

Skrifstofur á 2. hæð eru vel leystar og tenging þeirra við skylda starfsemi á neðri hæð gengur ágætlega upp. Myndlistarsal er vel fyrir komið, glerfletir þó óþarflega miklir. Aðgengi að tónlistarsal mætti vera betra. Gatan er full þröng, þó úr því sé bætt með skemmtilegri efnismeðferð. Útlit og meðferð byggingarefna sýna sterka efniskennd höfundar. Áfangaskipting er ágæt. Tillagan er einföld og skýr í framsetningu.



Allar tillögurnar verða til sýnis frá
16. júní til 1. júlí á Torgi í Kjarna,
Þverholti 2. Opið frá kl. 8:00-19:00.
